

Nr. 70.
14. nóvbr.

Lög

um

breyting á lögum nr. 26, 20. okt. 1905, um váttrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Brunabótasjóður bætir $\frac{5}{6}$ alls þess brunaskaða á húsum, váttrygðum í sjóðnum, sem eiganda, konu hans eða nánustu erfingjum verður eigi kent um að hafa valdið með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og gildir það án tillits til byggingarefnis hússins, nema brunaskaði sje svo lítill, að ekki nemi 20 krónum í 2000 kr. húseign og meiri, eða 1 % á minni húseignum, en þá skal eigandi hafa skaða óbættan. Til brunaskaða teljast skemdir á trygðum húsum, sem stafa af björgunartilraunum.

2. gr.

Orðið »erlendu« í síðustu málsgrein 4. gr. falli burt.

3. gr.

Í staðinn fyrir: »að $\frac{2}{3}$ í húsi« í 5. gr. laganna komi:
að $\frac{5}{6}$ í húsi.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Hvergi má tryggja þann sjötta hluta húsa, sem ekki er váttrygður samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Oddviti sveitarstjórnar hefir með höndum alla stjórn og umsjón brunabótasjóðs, og setur fje hans á vöxtu á hentugum stað með nægri tryggingu. Hann hefir á hendi innheimtu á iðgjöldum til sjóðsins, og hafa þau sama lögtaksrjett sem sveitarútsvör.

Hann hefir og á hendi reikningshald sjóðsins og skýrslugerð, og leggur ársreikning hans Nr. 70. fyrir sýslunefnd til endurskoðunar og úrskurðar um sama leyti og sveitarsjóðsreikning. 14. nóvbr.

Fyrir störf þessi greiðir sveitarsjóður 50 auro fyrir hvert vátrygt býli.

Heimilt er sveitarstjórn að fela þessi störf öðrum manni úr sveitarstjórninni en oddvita.

6. gr.

Fyrsti málsliður 18. gr. orðist svo:

Í hinum sameiginlega brunabótasjóði skal endurtryggja helming þeirra fimm sjöttu hluta allra hífýla o. s. frv.

7. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 26, 20. okt. 1905, og gefa þau út svo breytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaljuborg, 14. nóvember 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.